

arstað hjá Knudsen verzlunarstjóra, og úthlutar hann þeim síðan eptir boði yfirvaldsins.

1859.
13. sept.

Þegar búið er að bæta við kaupverð það, sem áður er greint, flutningskaupi því er Hillebrandt hefur áskilið sér, ásamt með ábyrgðargjaldi, borgun fyrir afferming, og fyrir úthlutun varanna á Íslandi, en það eru samtals 2 rd. 4 mk. fyrir rúgtunnuna, 2 rd. 4 mk. 8 sk. fyrir tunnu af bankabyggi og 2 rd. 3 mk. fyrir tunnu af baunum, þá má selja vörutegundir þær, er nú hafa verið nefndar, fyrir 8 rd., 11 rd. og 9 rd. tunnuna.

Um borgun lánsins skal þess getið, að þó ekki hafi verið beðið um neinn borgunarfrest, virðist þó varlegra að ákveða slíkan frest, er nota mætti, ef á þyrfti að halda, til þess að útvega fê til endurgjalds láninu, og dómsmálastjórnin hefir því í hyggju að fara fram á það við ríkisþingið, að veitt verði nokkur umliðing um lánið; verður yður gefið til vitundar með hverjum skilmálum lánið er veitt, þegar ríkisþingið er búið að samþykkja fjáráukalögin.

Eptir tilmælum Hillebrandts stórkaupmanns verður dómsmálastjórnin þar að auki að skora á yður, að annast um það, svo sem með þarf, að endurgjald það, sem áður hefur nefnt verið, og honum ber fyrir flutning á vörunum, ábyrgðargjald m. m., sem er samtals 2116 rd. 4 mk., verði greitt Knudsen verzlunarstjóra á Hólanesi, áður en skipið fer þaðan aptur.

Að endingu sè yður falið á hendur að gæta þess nákvæmlega, að áður greindum kornvörum verði haganlega úthlutað, og vonast dómsmálastjórnin eptir að fá sem fyrst játningu yðar fyrir því, að vörunar hafi komið til skila, og seinna meir nákvæma skýrslu um það, hvernig þeim hafi verið varið.

40. Almennar reglur, sem gilda skulu fyrst um sinn á Íslandi viðvikjandi fjárkláðanum. 14. sept.

1. grein. Lögreglustjórnin á að leitast við með öllu móti, sem í hennar valdi stendur, að kæfa niður fjárkláða þann, sem í landinu er, girða fyrir útbreiðslu hans og endurkvikun, eink-

1859.
14. sept.

um með nægilegum aðskilnaði sauðfjár þess, sem kláðsjúkt er, eða grunað um sýkina, og með því að við hafa á réttan hátt lyf þau, sem lækna sýkina, þar sem hún á sér stað, og eyða sóttnámi því, er henni fylgir. Yfirvöldin sjálf, og hver sá, sem er þeim undirgefinn í opinberri þjónustu, eiga á þann hátt, sem best gegnir, að reyna til að aptra því, að bændur skeri sjálfkrafa svo niður sauðfænað sinn, að óttast megi skaðlega fækkun sauðfjárins, svo að þar af geti leidd hnignun jarðræktarinnar í landinu.

2. gr. Amtmenn og sýslumenn eiga að útvega, eins opt og þeim er unnt, áreiðanlegar skýrslur um heilbrigðisástandur sauðfjárins í héraðum þeim, sem þeir eru yfir skipaðir; fá þeir nokkurnveginn áreiðanlega vitneskju um, að ný hætta muni búi af fjárkláðanum, og hafi þeir þó enn eigi fyrir sér álit þeirra manna, sem beri læknislegt skyn á því máli, eiga þeir, svo fljótt sem kostur er, að láta dýralækni skoða sauðkindur þær, sem hættan þykir búi af. Komi sýkin í ljós í sveitum þeim, er liggja við sýslumót, skal skýra lögreglustjóranum í hinni næstu sýslu frá því.

3. gr. Allir fjáreigendur í hverju amti skulu áminntir um, að sjálfir þeir eigi af fremsta megni að ala önn fyrir heilbrigði sauðfænaðar síns, og að því leyti skal þess einkum gætt:

- a) að bændur eigi seti meiri fænað á vetur, en þeir eiga nokkurnveginn víst að geta fóðrað svo vel sé.
- b) að bændur fækki fænaði sínum, eins og nauðsyn þykir til vera, undir eins og fódurskortur þykir að yfir muni vofa.
- c) að bændur, jafnframt nægu fóðri, veiti skepnum sínum húsaskjól, sem þær við þurfa, og nægilegt gott vatn að drekka.
- d) að bændur eins forðist, að fænaður sé í ofheimum húsum, eins og að hann verði að búa undir skaðvænum áhrifum af miklum kulda og óveðri.
- e) að gætt sé hins mesta hreinlætis í fænaðarhúsum, þegar fæ hefir innistöður.
- f) að bændur gæti þess, sem þeim er framast unnt, að sauðfæ þeirra hafi eigi samgöngur við annara fæ, sem annaðhvort

1859.

14. sept.

er kláðsjúkt, eða grunað um kláðsýki; og komi einhver aðkomukind saman við fê einhvers, og nokkur óttavon sè, að hún sè eigi heilbrigð, skal hreppstjóra eða einhverjum hreppsnefndarmanni gefin vitneskja um, og kindinni haldið aðskildri frá öllu öðru fê, unz hreppstjórinn kemur.

g) Allan sauðfènað skal iðulega skoða vandlega, til að gæta að, hvort merki sjáist nokkurs hörundskvilla (kláðavottur, óþrifakláði, hrúðrar, vos, skurfur, þvalasýki o. s. frv.), sem ugga megi að kláði sè.

4. gr. Finnist kláði í sauðfê einhvers bónda, skal það þegar í stað gefið til vitundar hreppstjóra eða einhverjum hreppsnefndarmanni. Eigandi fjárins skal jafnframt tafarlaust ala önn fyrir, að því sè haldið svo aðskildu, að annara sauðfê sýkist eigi af því. Sömuleiðis skal og við hafa lyf þau, er geti læknað kláðasýkina og afstýrt henni¹. Að svo miklu leyti, sem kostur er, skal þegar greina hinar sjúku kindur frá þeim, er heilbrigðar virðast, og með frábærri umhyggju við hafa lyfin við hinar sjúku. Skinn og ull af kindum þeim, sem skornar verða eða

1) Athugasemd. Sem lyf til að lækna fjárkláða og afstýra honum er einkum ráðanda til að við hafa tóbak, og getur það komið að góðu gagni að við hafa tóbakssósu, sem svo er kölluð, eða öllu heldur tóbaksseyði, sem alþýða manna þekkir, og skal hella lyfi þessu hér og hvar á kropp kindarinnar; en sè sýkin þegar komin í ljós á mörgu fê einhvers bónda, eða einstaka kindur sè orðnar mjög kláðsjúkar, þá skal sjá svo um, að lyfið renni um allan kroppinn, og það á öllu fènu, og má það gjöra með sömu aðferð, og höfð er, þegar lyfinu er núið í skinnið, eða hellt á hörundið, ef menn eigi vilja við hafa tóbaksbað, sem þó er betra, og þarf lyfið þá eigi að vera eins megent.

Þessi er tilbúningur tóbaksseyðisins: Taka skal eitt pund af tóbaki (rjóli, rullu, tóbaksblöðum frá Ameríku, eða kavendish-tóbaki), smásaxa og seyða í 24 mörkum vatns að minnsta kosti um 3 stundir, unz 12 merkur að eins eru eptir. Tvær merkur af seyði þessu skal þynna með öðrum 2 mörkum vatns, þó má hafa gamalt hland í stað fjórðungs eða jafnvel þriðjungs af vatninu. Tóbaksseyðinu má og núa í einstaka bletti, án þess það sè þynnt að nokkru.

1859.

14. sept.

drepast af fê því, er menn eru hræddir um að kláði sè í, skal fara með eins og síðar segir í 9. grein.

5. gr. Þegar hreppstjórinn (hreppsnefndin) fær vitneskju þá um kláða, sem áður er um getið, skal hann (hún) ala önn fyrir, að eigandi hins sjúka fjár hlýðnist reglum þeim, sem hér á undan eru settar um meðferð alls fjárins, og skal hreppstjórinn (hreppsnefndin) koma þangað sjálfur optar en einu sinni til að sjá um þetta. Hreppstjórinn (hreppsnefndin) skal og skýra sýslumanni frá hið hraðasta, hvernig ástatt sè með sauðfê það, sem tekið er undir vöktun, og gefa honum til vitundar, þegar nokkur hættuvon er að annara sauðfê sýkist af því. Hreppstjórinn (hreppsnefndin) skal gefa öllum sauðfjáreigendum í hreppnum það til vitundar, hverir þeir bæir sè, er óttast megi að kláði sè á.

6. gr. Þegar hreppstjórinn (hreppsnefndin) fær vitneskju um, að einhver aðkomukind, er hætta sè búin af sökum kláða, hafi hlaupizt saman við eitthvert fê í hreppnum, ber honum (henni) að ala önn fyrir, að slíkri kind sè haldið nægilega aðskildri frá öðru fê á kostnað eigandans, og með hana sè farið samkvæmt reglum þeim, sem settar eru um lækningar fjárkláðans, unz enga hættu þarf lengur að óttast, að aðrar kindur veikist af henni. Á sama hátt skal fara með annara kindur, þær er hætta þykir af standa sökum kláða, er þær verða fundnar fyrir utan landareign eigandans.

7. gr. Þyki sýslumanni, eptir skýrslum þeim, er hann hefir fengið, sem nokkurstaðar sè ótta von um, að sótnæmi eigi sèr stað, eða að það hafi þegar borizt á ýmsa bæi í hreppnum, skal hann, svo fljótt sem unnt er, skýra amtmanni frá, og stefna til sín dýralækni þeim, sem þar er skipaður; skal dýralæknirinn fara til bæja þeirra, sem sýkin er á, og rannsaka, hvort frekari ráðstafanir þurfi, en þær, sem þegar eru gjörðar, til að stemma stigu fyrir útbreiðslu sótnæmisins, og kæfa niður sýkina. Skuldbindi eigandinn sig til sjálfviljuglega, að gjöra það er dýralækninum þykir nauðsyn til bera, skal þegar framkvæma það, en að öðrum kosti skal sýslumanni þegar í stað skýrt frá. Við rannsókn þessa skal dýralæknirinn jafnframt

hyggja vel að, hvort ráðstafanir þær, sem áður hafa verið gjörðar til að stemma stigu fyrir útbreiðslu sýkinnar, eptir því sem ástætt er, þar sem hún er, megi telja fullnægjar, og hafi vanrækt eða skeytingarleysi átt sér stað í því efni, skal hann skýra sýslumanni frá því. Sè enginn dýralæknir til, skal stefna til öðrum manni, er vit hafi á málinu, og gengur hann þá í stað dýralæknisins.

8. gr. Ráðstafanir þær, sem dýralæknirinn telur nauðsynlegar til að kæfa niður sýkina, samkvæmt því, sem í þessum reglum er fyrir skipað, og sem eigandi fjárláðsins vill eigi sjálfviljugur hlýðnast, þær skal framkvæma eptir ályktun amtmanns, eða eptir ályktun sýslumanns, eptir heimild frá amtmanni, sè hætta bráðlega búin; en sýslumaður ber ábyrgðina, sè ráðstafanir þessar vanræktar. Verði sú raun á, eptir að dýralæknirinn hefir haft fram rannsókn þá, sem áður er getið, að eigandi hins sýkta fjár eða hreppstjórinn sè þess valdandi sökum vanræktar á skyldum sínum, að sýkin hafi magnast svo, að hættan hafi aukist við það af sóttnæminu meira en þurfti að vera, skulu hlutaðeigendur greiða hæfilegar sektir, eptir úrskurði og ráðstöfun yfirvaldsins.

9. gr. Sérhverja þá sauðfjárhjörð, er dýralæknir telur kláðsjúka, skal þegar aðgreina svo frá öðru fè, að allri hættu sè afstýrt, að sóttnæmið útbreiddist, skal því setja fastar reglur um það á hverjum einstökum bæ, eptir því sem dýralæknirinn segir fyrir, eða einhver sá maður, sem til þess er skipaður, og skal þeim reglum vandlega hlýdt. Láti eigandinn skera fèð niður, eða nokkurn hluta þess, sem ávallt skal gjört undir umsjón yfirvaldsins, og, að svo miklu leyti því verður við komið, undir umsjón dýralæknisins, eða að minnsta kosti aðstoðarmanns hans, eða þess sem í hans stað er settur, skal allt um það hafa aðgreininguna og halda henni áfram, svo lengi sem nokkur kind er lifandi af fènu. Þess skal og gætt, að sóttnæmið útbreiddist eigi við skinn hinna skornu kinda, eða við fjárhús þau, er þær hafa verið í, kvíar eða heimalönd, nè heldur við sauðataðið í fjárhúsunum¹.

1) Athugasemd. Í þessu efni skal gætt reglu þeirrar, sem nú skal

1859.

14. sept.

10. gr. Verði það fè, sem kláðsjúkt er, og sem greint er frá öðru fè eptir ráðstöfun dýralæknisins eða annars þess manns, sem í hans stað er skipaður, eða eptir ráðstöfun yfirvaldsins, eigi haldið svo vandlega frá samgöngum við annara fè, að alls engin hætta sé búin, að sóttnæmið útbreidist af því, skal leggja fyrir eigandann, að við hafa þegar í stað, eða svo fljótt sem auðið er, þess kyns lækningar, sem dýralæknirinn, eða sá sem í hans stað kemur, telur nægilegar til að útrýma sýkinni úr fè hans. Svo lengi sem eigandinn sýnir nokkra vanrækt í þessu efni, skal sýslumaður annast, að höfð sé opinber umsjón með aðskilnaði fjárins, svo að engin ótta von sé, að svo miklu leyti orðið getur, fyrir því, að sóttnæmið útbreidist frá fè hans, og skal sú umsjón vera sett á kostnað eigandans.

greina, að svo miklu leyti, sem hlutaðeigandi dýralæknir eigi telur aðra aðferð haganlegri, eptir því sem ástætt er á hverjum stað fyrir sig. Haga þá, sem grunaðir eru um sóttnæmi, má um vetur telja hættulausa 4 vikum eptir það þeir voru síðast notaðir til hagbeitar fyrir kláðsjúkt eða grunað fè, og á sumrum 6 vikum eptir. Fjárhús þau, sem talin eru hættuleg sökum sóttnæmis, skal vandlega hreinsa, og sérilagi þannig, að þegar búið er að flytja allt tað burt, skal hella sjóðheitu vatni á jöturnar, garðana og veggina, svo langt upp eptir, sem kindin getur til náð að snerta. Þegar búið er að hreinsa fjárhúsin, eins og nú var sagt, skal kinda þau innan og fylla þau reyk af einhverju því brennsluefni, sem megnan reyk leggur af, svo að blossann leggi á alla þá hluta hússins, sem eigi kviknar í, og að reykin geti lagt inn í hverja glufu, hversu litil sem er. Sauðataðið úr slíkum húsum skal flytja þangað, er heilbriggt fè eigi komist að, eða hylja með taði annars fenaðar. Því næst skal svo um búið, að lopt geti leikið um húsin í 6 vikur eptir, áður en inn í þau sé látið heilbriggt sauðfè.

Flytja skal og vandlega allt sauðatað úr kvium þeim, er grunur liggur á um sóttnæmi, og skal með það fara á sama hátt og með sauðataðið úr fjárhúsunum. Allan við skal þvo úr sjóðheitu vatni, og veggina, þá er þola svo mikinn hita, skal fara með á sama hátt og þann hluta fjárhúsanna, er eldur vinnur eigi á. Enga heilbrigða sauðkind má hafa þar sem kvíar hafa verið hafðar, fyr en 6 vikum eptir hreinsunina. Gæurnar af hinum sýktu eða grunuðu sauðkindum skulu látnar liggja um hrið í tóbaksseyði því, sem áður er um getið, blönduðu vatni að helmingi; því næst skal þvo þær í vatni, og hengja þær upp og þurka.

11. gr. Baða skal vel allt það fê, sem er í grennd við hið kláðsjúka fê, og sem dýralæknirinn, eða sá maður, sem í hans stað kemur, telur hætt við að kunni að sýkja aptur út frá sér. 1859.
14. sept.

12. gr. Hver sá, er gjörist sekur í að afrækja ráðstafanir þær, sem yfirvaldið og dýralæknirinn, eða sá er í hans stað kemur, hafa gjört, eða vanræki einhver umsjón þá, sem honum er á hendur falin, skal sæta fêsekt, er yfirvaldið ákveður, eptir því, hvernig vanrækt þeirri er háttað.

13. gr. Úr hrepp þeim, þar sem fjárkláða verður vart á vori, má engan sauðfênað reka á afrétti, fyr en sá maður hefir skoðað, er vit hefir á og til þess er skipaður af yfirvaldinu, og hann telur fêð með öllu kláðlaust, og þó því að eins, að það hafi eigi hinar næstu 6 vikur á undan haft samgöngur við kláðsjúkt fê.

14. gr. Halda skal hreppsnefndum þeim og sýslunefndum, sem þegar eru skipaðar, að svo miklu leyti þörf gjörist, reisa þær við þar sem þær eru eigi fullsettar, og stofna þær þar sem þær eru eigi enn settar. Hreppanefndirnar skulu einkum láta sér annt um, að fá sem áreiðanlegasta vitneskju um heilbrigðisástæður sauðfjárins, hver í sínum hrepp, og skulu hreppanefndarmenn því sjálfir iðulega rannsaka og skoða fêð í hreppnum, einkum á veturna og á vorum, þegar aukast fara samgöngurnar millum sauðfjárins frá ýmsum bæjum. Hvenær sem hreppstjórinn eða einhver hreppsnefndarmaður þykist verða kláða var í fê einhvers bónda, skal að farið á sama hátt, og ef eigandinn hefði frá því skýrt.

15. gr. Beiðist eigandi hins kláðsjúka eða grunaða fjár aðstoðar dýralæknisins við lækningu fjár síns, skal hann fá hana, að svo miklu leyti auðið er, án alls kostnaðarauka fyrir hann, og verði það sannað, að hann sé svo fátækur, að hann geti eigi keypt lyf þau, er til lækninganna þurfa, getur yfirvald hans látið hann fá lyfin, og sker yfirvaldið síðar úr, hvort honum verði gefin upp borgunin fyrir þau.

Ef dýralæknirinn í þessu eða öðru þarf aðstoðarmanna, er trúá megi fyrir stjórn á lækningastörfunum, til að stemma stigu fyrir fjárkláðanum og kæfa hann niður, skal amtmaður, eða þá

1859.
14. sept.

sýslumaður, ef bráða nauðsyn ber til, annast, að hann fái aðstoðarmenn, og skulu þá einkum teknir til greina þeir menn, er dýralæknirinn stingur upp á. Dýralæknirinn er hinn næsti yfirmaður aðstoðarmanna, sem honum eru skipaðir, að því er snertir öll lækningastörf.

16. gr. Allir hlutaðeigendur skulu skýra næstu yfirmönnum sínum frá heilbrigðisástandum sauðfjárins, og öllu því, sem gjört er til að útrýma fjárkláðanum, svo opt og nákvæmlega, að þeir ávallt hafi áreiðanlega vitneskju um allar ástæður, og skal hver yfirmaður gefa undirmönnum sínum reglur um það, svo að aðferðin verði í því efni samkynja í öllu umdæminu; sér í lagi skal hreppstjórinn eða hreppsnefndin semja skýrslu að minnsta kosti einu sinni á mánuði hverjum, og senda sýslumanni svo fjótt sem auðið er. Um skýrslur dýralæknanna er ákvörðun gjörð í reglugjörð þeirri, er vèr, hinir konunglegu erindsrekar, höfum samið handa þeim.

Reykjavík, 14. september 1859.

H. C. Tscherning. Jón Sigurðsson.

14. sept. **41. Reglugjörð fyrir dýralæknana Hansteen og Krause, meðan þeir dvelja á Íslandi sökum fjárkláða þess, sem þar gengur yfir.**

1. gr. Dýralæknarnir eiga, hvor um sig og í sameiningu, að leggja alla alúð á að styrkja með læknisráðum, sem framast þeim er unnt, allar ráðstafanir þær, sem gjörðar eru til að útrýma og afstýra fjárkláðanum.

2. gr. Þeir skulu nota sérhvert tækifæri, sem þeim býðst, til að afla sér vitneskju, svo nákvæmrar, sem auðið er, um heilbrigðisástand sauðfjárins í hinum ýmsu hëruðum landsins, og einkum skulu þeir hafa gætur á, þar sem fjárkláðinn þegar hefur komið í ljós.

3. gr. Fái þeir vitneskju um, að nokkur ný hætta sé búin af fjárkláðanum, skulu þeir hið allrabráðasta skýra lög-reglustjórninni frá, og einkum snúa sér að hlutaðeiganda sýslumanni, ef enginn frestur má verða á rannsókninni.